

STEFNA DÓMSTÓLASÝSLUNNAR UM ÖRYGGI Í HÚSNÆÐI DÓMSTÓLA

Dómstólasýslan annast og er í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnarsýslu dómstólanna allra og stuðlar með því að því að dómstólarnir geti sem best rækt hlutverk sitt.

Það er stefna dómstólasýslunnar að dómarar, annað starfsfólk dómstólanna og öll sem eiga erindi til dómstóla geti treyst því að þau njóti þar öryggis.

Markmið stefnunnar er að stuðla að öruggu vinnuumhverfi og réttlátri og opinberri málsmeðferð við öruggar aðstæður.

Í þeim tilgangi eru í stefnunni skilgreindar aðgerðir til að lágmarka hættu í eða við húsnæði dómstóla af ofbeldi, árásum, uppþotum, innbrotum og öðrum athöfnum eða ástandi sem geta ógnað öryggi fólks eða raskað starfsemi dómstóla.

Aðgerðir:

- Dómstólasýslan skilgreinir í samráði við ríkislögreglustjóra öryggisviðmið um staðsetningu dómstóla og ytra umhverfi þeirra, aðgengi að húsnæði þeirra og innan þess, hönnun húsnæðis og efnisval, öryggiskerfi og virkni þeirra.
- Dómstólasýslan ákveður í samráði við ríkislögreglustjóri hvenær framkvæma skuli öryggisúttekt á grundvelli öryggisviðmiða. Í kjölfarið fer fram mat af hálfu ríkislögreglustjóra á þörf á úrbótum og hvernig æskilegast sé að forgangsraða þeim eftir áhættustigi.
- Dómstólasýslan ber ábyrgð á að forgangsraða úrbóta-verkefnum á grundvelli öryggisúttektar og öryggisviðmiða og gera áætlun um framkvæmd úrbóta í samræmi við fjárheimildir. Dómstólasýslan ber ábyrgð á að niðurstöðum öryggisúttektar og úrbótaáætlun sé fylgt eftir í samræmi við öryggisviðmið og í samvinnu við hvern dómstól.
- Forseti Hæstaréttar, forseti Landsréttar og dómstjórar bera ábyrgð á því að við hvern dómstól sé unnið áhættumat og gerðar viðbúnaðar- og viðbragðsáætlanir þar sem skilgreindar eru mögulegar hættur og viðbúnaður og viðbrögð við þeim. Ríkislögreglustjóri veitir leiðbeiningar við gerð slíkra greininga og áætlana.
- Forseti Hæstaréttar, forseti Landsréttar og dómstjórar héraðsdómstóla bera ábyrgð á því að dómarar og annað starfsfólk fái nauðsynlega þjálfun og fræðslu um öryggismál, þ.m.t. áhættumat, viðbúnaðar- og viðbragðsáætlanir og virkni öryggiskerfa.
- Forseti Hæstaréttar, forseti Landsréttar og dómstjórar bera ábyrgð á því að reglulega fari fram úttekt á virkni öryggiskerfa.
- Dómarar og annað starfsfólk dómstólanna skulu kynna sér öryggismál dómstólanna og fylgja viðbúnaðar- og viðbragðsáætlunum.